

## **Tillaga mannauðsteymis um úthlutun launaðra námsleyfa- og styrkja fyrir haustönn 2013**

3 umsóknir bárust um námsleyfi fyrir haustönn 2013:

Helena Gylfadóttir, leikskólakennari í Hlíðarbergi sækir um 1 mánaðar námsleyfi á launum haustönn 2013 til að stunda fjarnám í leikskólakennarafræði, viðbótar 30 einingar til Be.d. gráðu;

Björk Alfreðsdóttir, sérkennslufulltrúi vegna leikskóla, sækir um launað námsleyfi frá 1. september til 31. desember 2013, vegna náms í leikskólakennarafræði, B.Ed. gráðu.;

Sigurður Steinar Jónsson, fulltrúi á skipulags- og byggingarsviði, sækir um launað námsleyfi fyrir haustönn til að stunda námið Architectural Technology and Construction Management.

Ein umsókn barst um námsstyrk á haustönn 2013: Katrín Knudsen, fulltrúi á félagsþjónustu, sótti um námsstyrk vegna skólagjalda við Háskólann á Bifröst en hún verður í fjarnámi í frumgreinadeild.

Mannauðsteymi lagði mat á umsóknirnar með vísan til reglna um launað námsleyfi og námsstyrki.

Það sjónarmið er ríkjandi í mannauðsteymi að skólagjöld fái ekki námsstyrk þar sem slíkt nám er niðurgreitt og ekki talið nægjanlega umfangsmikið fyrir styrkveitingu og vegna fordæmis um greiðslu almennra skólagjalda fyrir alla starfsmenn bæjarins verði það samþykkt. Námsleyfisumsóknir voru metnar út frá starfsaldri og þeim forgangsraðað miðað fjármagn sem til úthlutunar er, 3,8 milljónir króna.

Mannauðsteymi leggur því eftirfarandi til við bæjarráð:

Launuð námsleyfi:

Helena Gylfadóttir, leikskólakennari í Hlíðarbergi fær 1 mánaðar námsleyfi á launum haustönn 2013 til að stunda fjarnám í leikskólakennarafræði, viðbótar 30 einingar til Be.d. gráðu;

Björk Alfreðsdóttir, sérkennslufulltrúi vegna leikskóla, fær launað námsleyfi frá 1. september til 31. desember 2013, vegna náms í leikskólakennarafræði, B.Ed. gráðu.;

Sigurður Steinar Jónsson, fulltrúi á skipulags- og byggingarsviði, fær 1 mánaðar launað námsleyfi haustönn 2013 til að stunda námið Architectural Technology and Construction Management.

Námsstyrkur:

Styrkveitingu til að stunda nám við Háskólann á Bifröst er hafnað.

Hafnarfirði, 10. maí 2012.

---

F.h. mannauðsteymis,  
Anna Jörgensdóttir,

starfsmannastjóri